

Fundargerð Nemendaráðs ÖSE

Miðvikudagur 18. janúar 2023

Mætt voru:

Kennarar: Anna Pála, Ragnheiður

8.bekkur: Arna Kristín, Agla, Bergur og Patt.

9.bekkur: Hugrún, Danijela og Elísabeth.

10.bekkur: Arnaldur, Auður, Ninja, Styrmir, Þórunn, Helga og Margrét.

Málefni fundar:

- Fundur var settur kl.12:03
- Farið var yfir kynningu fyrir stjórnendur rétt fyrir mætingu þeirra á fundinn.
- Stjórnendur (Einar Birgir og Sigrún Erla) mættu á fundinn kl. 12:10
- Arnaldur kynnti hugmyndina um sjoppuna fyrir stjórnendum og Einar sagði okkur frá skoðunum sínum.
 - Hann kom með þá hugmynd að 10. bekkur gæti verið í afgreiðslu sjoppunar til að safna fyrir rútukostnað í útskriftarferðinni.
 - Rætt var hvað væri best að selja og ákveðið að best væri að byrja á að selja það sem ekki þarfnaðist mikils undirbúnings svo sem epli, banana, hafraklatta og einhverja safa.
 - Stjórnendur ætla að fara í málið og sjá hvað þau geta gert til að sjoppun verði að veruleika.
- Ninja ræddi um spil í álmunni og Einar kom með sínar skoðanir á málinu. Hann var ekki bjartsýnn fyrir fótboltaspilinu vegna ófriðs og hávaða á göngum skólans.
 - Rætt var að byrja á að kaupa spilastokka og tafl fyrir álmuna
 - Patt kom með hugmynd að taka ákveðin réttindi af nemendum sem viðurlög ef að nemendur eyðileggja eitthvað.
 - Ákveðið var að finna tíma þar sem fulltrúar úr nemendaráði færu með stjórnendum inn í kennslustundir og ræddu þessi mál og hvettu til góðrar umgengni.
 - Stjórnendur ætla að kaupa spil og töfl.
- Ninja vakti athygli stjórnenda á klósettmálum skólans, nemendur læsa sig inni á baði til að borða nesti og eyða frímínútum þar inni. Það getur verið mjög þreytandi fyrir nemendur að fá skammir fyrir að biðja um að komast á klósettið í tíma, en það hafa fáir nemendur tækifæri á að nota salernið á meðan á frímínútum stendur.
- Upp kom hugmynd að gera klósett kynlaus.
 - Ákveðið var að ræða þetta á sama tíma og umgengni í frímínútum, spil o.fl.
- Helga kynnti fyrir stjórnendum hugmynd um tíðavörur inni á salernum. Einar sér ekki fyrir sér að hafa vörurnar inni á salernunum vegna aðstæðna þar eins og er. Hins vegar þótti honum góð hugmynd að geyma vörurnar hjá Maríu ritara, þar að auki fría smokka.
- Styrmir ræddi við stjórnendur um samskipti okkar við þau. Einar bað okkur um að senda honum póst á Kópavogs tölvupóstinn hans frekar en Álfhólsskóla tölvupóstinn. Þau vildu gjarnan fá tölvupóst um leið og upp kemur hugmynd og hafa tækifæri til að ræða málin áður en þau koma á fund með ráðinu.

- Rætt var um spurningakeppnina og hvort það væri áhugi hjá nemendum að taka þátt. Rætt var hversu stór liðin væru og hvort það myndi þurfa inntökupróf. Í ljós kom að það er mikill vilji til að vera með. Stjórnendur ætla að skrá okkur í keppnina og skoða hvernig framkvæmdin er.
- Skólahreysti kom til umræðu og hvort að það væri tilbúið lið frá skólanum. Stjórnendur ætla að ræða við íþróttakennara og láta okkur vita.
- Stjórnendur yfirgáfu fundinn klukkan 12:49
- Agla og Arna stýrðu hópefli í lok fundar.
- Fundi slitið: 13:06

Framundan:

- Árshjólíð.
- Vinna með fyrirmyndir.
- Hópefli 25. janúar, Margrét og Þórunn

Fundarritari: Margrét og Þórunn.